

Berist til sveitarstjórnar - beiðni um umsögn sveitarstjórnar á grundvelli 10. gr. a jarðalaga nr. 81/2004 - Lýtingur 2 L239373 Rangárþing ytra

Til : Rangárþing Ytra <ry@ry.is>
Frá : Elísabet Anna Jónsdóttir <elisabet.anna.jonsdottir@atrn.is>
Heiti : Berist til sveitarstjórnar - beiðni um umsögn sveitarstjórnar á grundvelli 10. gr. a jarðalaga nr. 81/2004 - Lýtingur 2 L239373 Rangárþing ytra
Málsnúmer : 2512101
Málsaðili : Hörður Kristjánsson
Skráð dags : 19.12.2025 16:16:51
Höfundur : Elísabet Anna Jónsdóttir <elisabet.anna.jonsdottir@atrn.is>
Viðhengi : [Umsókn_Harðar_og_Maríu_um_samþykki_ráðherra_fyrir_kaupum_á_Lýtingi_2.pdf](#)

You don't often get email from elisabet.anna.jonsdottir@atrn.is. [Learn why this is important](#)

Tilvísun í mál: ATRN25110233

Góðan dag,

með erindi þessu er upplýst að óskað hefur verið eftir samþykki atvinnuvegaráðherra sbr. 10. gr. a jarðalaga nr. 81/2004 á kaupum Harðar Kristjánssonar (kt 060651 4189) og Maríu Hrannar Gunnarsdóttur (kt 190163 3189) á 31 ha landspildu, Lýtingi 2 (landnúmer 239373), lóðar úr landi Marteinstungu (landnúmer 165127), Rangárþingi ytra. Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Rangárþings ytra vegna málsins.

Í meðfylgjandi umsókn koma fram upplýsingar um aðrar eignir umsækjanda. Með vísan til 8. mgr. 10.gr. a jarðalaga er hér með óskað eftir umsögn sveitarstjórnar vegna ofangreinds. Sérstaklega er óskað eftir sjónarmiðum sveitarfélagsins um það hvort fyrirhuguð ráðstöfun fasteignar og áformuð nýting hennar samrýmist skipulagsáætlunum Rangárþings ytra, landsskipulagsstefnu eða annarri stefnu um landnýtingu eftir því sem við á. Enn fremur hvort áformuð nýting fasteignar sé að mati sveitarfélagsins í samræmi við stærð, staðsetningu og ræktunarskilyrði hennar, sem og gæði og fasteignaréttindi sem fylgja henni og hvort ráðstöfunin styrki landbúnað og búsetu á viðkomandi svæði. Samkvæmt 3. málslíð 8. mgr.10. gr. a skulu umsagnir liggja fyrir eins skjótt og verða má. Með vísan til þess er þess er óskað að umsögn liggi fyrir í síðasta lagi **þriðjudaginn 6. janúar 2026**.

Kær kveðja,

Elísabet Anna Jónsdóttir lögfræðingur, staðgengill skrifstofustjóra / Senior Adviser, Deputy Director skrifstofa landgæða og dýraheilsu / Department of Land Quality and Animal Health Atvinnuvegaráðuneytið / Ministry of Industries Skúlagata 4, 101 Reykjavík, Iceland Sími / Tel: (+354) 545 9700 www.atrn.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)